

Bítlarnir voru fjórir.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.
Myndir aðrar en af höfundi eru ekki eign hans.



Höfundur staddur í einum af sínum mörgu góðu dögum sem hann hefur fengið að lifa og gerði líka óspart á sjötta áratug seinustu aldar með að sumu leiti ágætri hjálp hljómsveitar Enskrar sem The Beatles heitir og öllum hinum líka sem þá voru starfræktar og þekktar víða í heiminum og á Íslandi. Öll þessi bönd voru ágætlega fær um að ylja manni um hjartarætur. Geri önnur mannanna verk sama gagn eftir tæpa hálfa öld frá, segjum, lokum Bítlabúðarinnar og eftir að slökkt hafði verið á gítarmögnurum og búið að kippa snúrum hljóðnema úr sambandi og fjarlægja standanna og færa til sinnar geymslu og meðlimir sveitarinnar stignir niður af sviðinu í síðasta skipti og veröldin hrúnin hjá stórum hópi fólks því að engir Bítlar voru lengur á vellinum til að ylja sér við. Samt erum við mörg sem þá vorum uppi enn hér þó að veröldin hafi tímabundið hrunið en við gátum unnið okkur aftur út úr og aftur skundað til liðs við lífið, orðin reynslunni ríkari.

Frá þeim tíma hefur mikið vatn til sjávar runnið og ekki aftur verið endurtekið með sama hætti og þá og verður heldur ekki vegna þess að æ færra kemur orðið fram sem er jafn nýtt fyrir fólki og sumt þá var og

menn uppi á tímum er samfélagið allt var einfaldara í sniðum og færra sem greip.

Vöxtur hljóp í margt á Bítlatímanum. Tækninýjungar margskonar komu fram og voru þróaðar og náðu fótfestu og gátu rutt sér braut að fólki og engin sem til þekkir getur sagt með neinum sanni að hafi ekki verið. Við sem lifðum þessa tíma erum gríðarlegt forréttindafolk og fólkið sem fékk að þreifa á mörgum nýjungum sem í dag þykja sjálfsögð að séu og fólki tiltæk hvenær sem er og því fátt orðið eftir sem vekur ámóta viðbrögð.

Eitt sem nefna má sem sérstakt er fyrsta alheimssjónvarpsútsendingin sem fram fór 1967. Bítlarnir voru fyrstir til að koma fram í útsendingunni og allir fyrir framan sjónvarpstækin heima sáu atburðurinn gerast þar. Núna eru beinar sjónvarpsendingar engin frétt þó þær væru það þá og tímarnir breyst. Eftir að vaninn knúði dyra í málinu og tók sinn stað í lífinu dettur ljóminn af. Vaninn hefur burði til að umbreyta merkilegu verki manna í "Vanastein". Er vanin enda viss blinda, uggi menn ekki að sér.

Áður en lengra er haldið skal skírt tekið fram að höfundur er engin sérfræðingur í hljómsveitinni The Beatles en hefur lengi haft talsverðan áhuga á verkunum sem hún vann og því sem þá var að gerast og tengja má beint þessari prýðis hljómsveit og meðlimum hennar sem voru forgöngufólk sem höfðu áhrif á aðra til að gera sama og eða vinna áþekkt verk. Samantektin er til skemmtunar og vonandi líka nokkrar upplýsingar um téðan tíma sem fyrir svo margan manninn og konuna er eftirminnilegur og líka um margt skemmtilegur og ástæðan fyrir að lifir með fólki, eins og dæmin sannarlega sanna.

Einnig er farið út í þetta til að viðhalda minningunni með sér sjálfum og að grafast betur fyrir um ýmislegt sem þá viðgekkst. Slík eftirgrennslan hefur í för með sér sinn lærdóm og gefur nýja sýn á efniviði hvort sem er þennan eða annan. Engin með neinni sanngirni þrætir fyrir að Bítlatíminn og umstangið sem þá var hafi verið neitt annað en sérstakt tímabil. Skoðanir á ágætinu og því sem þá var í gangi voru og eru skiptar. En hvenær eru þær það ekki og hvenær

hafa menn ekki haft uppi allskonar álit á hverjum tíðaranda fyrir sig og talið sig hafa margt um þetta og hitt að segja - og dæma? Engin ný bóla.

Sjöundi áratugur seinustu aldar var talsvert merktur hljómsveitinni (stjörnum), upptökum platna, útgáfu hljómplatna, tónleikaferðum, hljómsveitum, viðtölum við meðlimi hinnar og þessarar starfandi hljómsveitar og uppskeru tengdu öllu því dæmi. Oft var ríkidæmisins getið í umfjöllun þess tíma sem öllu þessu unga fólki hljómsveitanna skyndilega hlotnaðist af auðvitað velgegni og mikillar hljómsveitunaröskun. Ekkert merkilegt þar og bein afleiðing eftirspurnar og markaðslögmálsins sem þarna birtist í öllu sínu veldi og sýndi hvers það er megnungt við réttar aðstæður. Engin ný frétt sögð hér. Allt þetta Bítlatengda dæmi teygði sig yfir alla veröld og liggur mér við að segja inn í hvert skúmaskot hennar og milljónir manna þátttakendur í og allir að fást við verk af meira og minna sama meiði. Áhöld eru um hvort nokkuð álíka hafi áður gerst hjá jafn miklu fjölmenni og þarna og með jafn friðsömum hætti og raunin er. Höfundur alltént mann ekki eftir öðru atviki sem hægt væri að jafna saman við Bítlatímabilið með öllum þessum fjölda fólks innanborðs. Friðsemdin einkenndi þetta tímabil þó kröfuspjöldin væru stundum höfð á lofti er nær dró árinu 1970 og talsverð hreyfing á liðinu og mikil og hávær öskur bærust frá áheyrndapöllum.

The Beatles voru sameiningartáknið og aðilarinn sem oftast nær voru ásakaðir riðlaðist eitthvað til í Bítlaröðinni. " Og svo var okkur kennt um allt saman "- líkt og George Harrison lét eitt sinn hafa eftir sér er Bítlaæðið bar enn á góma blaðanna. Og bætti við að Bítlarinn hafi í raun fátta getað aðhafst á sínum hljómsveitunarferðum og því að mestu leiti haldið sig innandyra. Troðningurinn og atgangurinn úti var slíkur hvar sem þeir komu að ekki var fyrir þá farandi út fyrir dyr nema nauðsýn krefði.

Sir Paul McCartney sagði síðar að Bítlarinn hefðu ekki verið vandamálið heldur heimurinn. Og hefur þar nokkuð til síns máls. Hvað sem mönnum að öðru leiti kann að finnast um The Beatles að þá voru mál með þessum hætti vaxin. Merkilegt allt saman og líka sín vísbending um að krökkum hafi skort alvöru leiðsögn fullorðins fólks en fundið í þessum fjórum Bresku tónlistarmönnum og öðrum af sama meiði. Þeir voru leiðtogarnir. Mikil ábyrgð á herðum allra þessara ungu manna og kvenna sem leiddu og grúinn horfði til á þessum árum.

Höfundur vill nálgast efniviðinn af viðeigandi virðingu og vera sanngjarn en samt brúka sannleikann og útskýra efniviðinn eins og hann sjálfur sá og komist að með hjálp tímans tannar. Slík nálgun sæmir samantekt af þessari gerð sem og öllu öðru merkisefni sem menn velja að fjalla um og lítur hiklaust á sem alvöru sögu með sitt gildi og vægi fyrir mannlífið. Málið með allt svona er að ná fram að minnsta kosti parti stemmningarinnar sem spannst af Bítlaæðinu og milljónatugir voru þátttakendur í.

Fólk í hljómsveitum og söngvarar, bæði karl- og kvenkyns, voru fólkið sem þóttu skara framúr öðru fólki á minni æskutíð. Áþekka hugsun má sjá kringum íþróttir dagsins. Oft er talað um afreksfólk íþróttanna með sérstökum blæ og lýsingar á afrekinu fært í guðdómlegan stíl og búning. Þetta breytist þó furðu fljótt eftir að halla fer undan fæti og veðmálið tapast. Sjá má að fátt er nýtt undir sólinni og að allt fari í eintóma hringi. "Þetta upp í dag og annað á loft á morgunn. Og svo kemur skellurinn"- er gangurinn í þessu.

Á síðari árum hefur maður oft verið einn og upplifað sig einan en samt ekki einmanna. Slíka tilfinningu þekkir höfundur ekki. Á sjöunda áratug seinustu aldar var höfundur fráleitt einsamall á þessu ferðalagi sínu heldur voru honum samferða margir jafnaldrinn og ekki bara úr Hafnarfirði heldur teygði þessi samfylgd og áhugi sig til fólks á svipuðu reki vítt og breytt

um heimsbyggðina og því ekki undarlegt að enn lifi í þessum glæðum sem svo mikill eldur kom af að seint rennur úr minni né heldur gleymist með neinum einföldum hætt. Svo stórt varð Bítladæmið í veröldinni. Og hví að vera að gera eitthvað til að gleyma atriðum sem hvort eð er gerðu bara gott og gaf fólki, mörgu af því, hreint ágætis veganesti inn í eigin framtíð? Já hví að vera að höggva í slíkt? Alger óþarfi. Losum okkur við óhreinindi þar sem þau leynast.

Myndin til hægri er tekin í Liverpool á Englandi 1960 og er ósköp venjuleg götummynd af venjulegum Breskum húsum og fólki sem lifir venjulegu lífi á venjulegan Breskan hátt. Þarna eru meðlimir The Beatles að öllum líkindum farnir úr borginni og komnir yfir til Þýskalands og byrjaðir að spila og syngja fyrir krárgesti við Herbertstrasse og aðra hálfulla og velfulla Þjóðverja á stöðum þar sem ýmisleg gerðist og menn kölluðu ekki allt ömmu sína. Þar samt fengu þessir kornungu menn góða þjálfun í spilamennsku og að æfa upp eigin stíl og sviðsframkomu og ekki ólíklegt að Bítlarnir hafi náð að fullskapa sig sem alvöru hljómsveit á þessu árabili sinnar sögu.



Hvort ljósmyndin sem hér sést tilheyrir með einhverjum hætti æskuheimili einhvers þeirra fylgir ekki sögunni. Kannski að ljósmyndin sé þeim jafn ókunnug og höfundur.

Liðin ár gefa sinn möguleika á að skoða verk úr meiri fjarlægð en var á meðan allt var í gangi og eldarnir skíðlogandi hvert sem litið var og miklir að vöxtum. Tíminn og fjarlægðin frá atburðum fær menn til að líta hið liðna raunsærri augum en var þegar þeir enn voru gagnteknir og í talsvert meiri nálægð við allt heila klabbíð og iðulega horfandi á atburði gegnum mjótt rör og allt metið með þeim hætti. Þegar rykið var sest og aftur byrjað að rofa til má setjast yfir verkefnið og skoða nýju ljósi, með þá nýjum upplýsingum og komu eftir því sem tíminn leið. Allt sem var og lifir áfram fær sína sérstöku umfjöllun jafnvel margra aðila sem um leið útskírur betur hvað skeði þó megnið af verkum okkar manna hverfi í gleyskunnar haf og detti út af borði sögunni. Með vinnunni sem í gang fer og betri upplýsingum er von til að ýmislegt komi í ljós sem áður var hulið og inn komi ferskari sýn og líka skeði með Bítlatímamann og gerði áhugaverðari. Eftirgrennslanin bar höfundur nokkra nýja vinkla sem segja má að hafi lokið upp gáttum sem hann vissi ekki um eða voru honum áður lokaðar. Og í ljós kom gríðarlegt umfangið sem eitt og sér vakti honum sína athygli og sífellt meiri furðu að maður skilur betur hví þetta efni lifi svo góðu lífi í hjörtum allra þessara milljónatuga og geri The Beatles ódauðlega og fólk almennt er sammála að sé. Hve margt fólk sé enn um borð í sjálfum Bítlabátinum er ekki gott að giska á en samt vitað að sé fjölmennur af því einu að fólk vill að bátur þessi sé áfram haldið á floti og það um borð í honum.

Sannleikurinn á bak við okkur aðdáendur Bítlanna er að við vorum afskaplega eigingjörn er kom að meðlimum hljómsveitarinnar. "Bítlarnir eru fjórir." -sögðum við, án þess kannski svo mjög að tala það út beint í þann tíð né heldur skilja með þeim hætti. Sú skíring er seinni tíma.

Til er saga tengd þessu um trommarann Ringo Starr sem eitt sinn veiktist og komst ekki með í hljómléikaferð sem The Beatles fór í til Ástralíu? og var annar trymbill fengin til liðs við þá til að þenja húðir að boðaðir tónleikar gætu farið fram. Svo kom að því að Ringo sem betur fer

hresstist en ku þá hafa haft nokkrar áhyggjur af að engin af aðdáendum hljómsveitarinnar myndi eftir sér er hann kæmi til hinna og væri þeim bara gleymdur. Annað kom á daginn og gerðist strax í flughöfninni þarna "í Ástralíu?". Þar mætti honum múgur og margmenni sem frétti að kappans væri að vænta til sinna manna. Og var honum ákaft fagnaði og hann knúin upp á borð þarna í flugstöðinni til að öruggt væri að allir á staðnum sæju trymbil Bítlanna Ringo Starr eigin augum. Og Ringo hitti sína menn og reikna má með að staðgengill hans hafi horfið frá og til síns heima. Enda lokið hlutverki sínu með hljómsveitinni. En nú voru The Beatles aftur orðnir fjórir. Og allir voða glaðir. Aðrir en þessir tilteknu fjórir menn John, Paul, George og Ringo voru ekki taldir með. Vantaði einn af þeim á sviðið, jah, voru þeir bara þrír í augum aðdáenda sinna þó snjall trommari sæti í sæti hins, eins og gerðist í þessari tilteknu ferð sveitarinnar. Minnir að atvikið tengist Ástralíutúrnum. Erfitt að fletta þessu upp og enn flóknara muni maður ekki nafn ágæts gestatrommuleikara The Beatles. Svona kærur vinur var nú þetta með þá fjóra saman séð með augum áhangenda tiltekinnar Enskrar rokkhljómsveitar sem bjó við annan kost en aðrar sambærilegar hljómsveitir gerðu á þessum tíma. Eins og Paul sagði: "Við vorum Bítlarnir." Og hver orðið sagði nei við þá og eða vildi ekki fá þá til sín í viðtal- að dæmi sé tekið? Bítlarnir seldu og juku sölu, hlustun og áhorf hvar sem var og þeir með í.

Mynd til hægri.

Liverpool í Bretlandi, borg Bítlanna. Myndin er tekin árið 1965 og Bítlaðið í algleymingi og þeir enn með tónleika eins og engin sé morgundagurinn og ungmenni víða um heimsbyggðina með myndir uppi hjá sér af hljómsveitinni sem þeir og þær sjálfir/ar hafa hengt upp ásamt öðrum frægum hljómsveitum og söngvurum þess tíma og þreyttust ekki við að sanka að sér og líma allstaðar sem laust pláss fannst á vegg fyrir ofan rúmið.

Stundum voru teiknibólur notaðar í stað límbands sem ekki voru eins vinsælar í augum hinna fullorðnu

vegna gatsins sem kom í vegginn af notkun allra teiknibólanna. Heill hellingur af agnarsmáum óþarfa götum kom á vegginn sem Bítlóður krakki hafði undir Bítlamyndir sínar. En hvaða ærlegt og Bítlaótt ungvíði velti nokkrum teiknibólum fyrir sér né götótum vegg og öðru álíka smotterí fyrir sér á þessum árum? Alltént ekki höfundur. Svo mikið er víst. Sem reyndar sjálfur notaðist mest við límband. Ekki til að hlífa veggnum heldur af þeirri ástæðu að límband var yfirleitt til heima.

Reyndar var svona mynd eins og hér sést ekki ein af myndunum sem blöstu við fyrir ofan rúmstæðið né vöktu manni nokkurn áhuga heldur andlitsmyndir af sveinunum sjálfum og af þeim á sviði fjórum saman með gítara hangandi framan á sér og syngjandi í hljóðnema. Bítlarnir voru alltaf fjórir og aldrei öðruvísi. Og þannig skyldi það framvegis vera. Fjórir- það var málið.- Og málið útrætt.

Myndin frá Liverpoolborg á vel við nú. Hún sýnir borgina frægu á þeim tíma er allt var í gangi og engin lognmolla í neinu og draumur margra í yngri kanti að koma til og skoða gersernar eigin augum. (Til gamans má geta þess að Liverpool gegndi talsverðu hlutverki á stríðsárunum og var vettvangur aðilanna sem sáu um að skipuleggja stríðið um Atlandshafið, þeim mikla og miskunnarlausu hildarleik. En þá voru heldur engir Bítlar bara menn á borð við Franks Sinatra og aðrir meistara söngsins "hallæriskarlar" á þeim tíma.)



Liverpool í Englandi hefur lengi haft á sér annað heiti sem er Bítlaborgin sem stór hópur ferðamanna fer til á ári hverju gagngert til að skoða aðstæður þær sem þessir menn bjuggu við á yngri árum. Til Liverpool liggur leiðin velji menn að skoða staðinn sem þessir menn gengu sjálfir á og eyddu æskutíma sínum. Þar geta menn séð með eign augum umhverfið og reynt að njóta andartaksins og leifa huganum að spinna upp sögur kringum sögusviðið. Af slíkri könnun fær margt kviknað á andartaki augnabliksins með hjálp þekkingarinnar sem fyrir er á þessu ágæta fólki í The Beatles. Svona ferð er fólki oft hin ánægjulegasta og margt sem rifjast upp í henni þó það sé þar í fyrsta sinn og komi aldrei aftur til Liverpoolborgar. Allt vegna þess hve minningin sem til er af tiltekinni sögu er greipt með því að svæðið sjálft lifnar allt við þegar gengið er þar um og vegsummerki skoðuð, eins og fært er. Allt vegna þess að þarna slitu þeir barnskónum og voru fólkið sem komu saman og bjuggu til rokkhljómsveit sem fékk nafnið The Beatles og allir frá þessari ágætu Ensku borg Liverpool og þar á sama tíma.

Að vera með safn kringum stóra atburði og heimildir þeim tengdum í aðgengilegu formi er gulls ígildi. Trúið þessu. Allt svoleiðis kostar peninga sem ávallt er spurning um hvar skuli teknir og hver að greiða og hve mikið skuli greitt.

Mynd til hægri

Í þessar stofu varð til söngurinn "Love Me Do" eftir Sir Paul McCartney. Myndin sýnir klassískt Enskt heimili alþýðumanna og engan íburð. Aðeins fallegan og snyrtilegan stað sem í bjó venjulegt fólk sem upplifði sínar sorgir saman við sígra og gleðilegar stundir. Allt þekkt.



Æskuheimili Sir Paul McCartney (sjá mynd) í Liverpool er í dag safn.

Húsið er númer 20 við Fortlin Road. Það var í eigu bæjarfélagsins er fjölskylda McCartney bjó þar frá árinu 1955 til 1964. Natinal Trust, sem á mörg sögufræg hús í Bretlandi, keypti hús McCartney árið 1995 og lét gera það upp í þeirri mynd sem var 1955 er fólk McCartney flutti þangað inn. Afskaplega vel við eigandi að áliti höfundar að fara aftur upphafsins úr því að ákveðið var að nota íbúð þessa sem safn. Svona á að líka gera þetta.

21 júlí 1998 var húsið opnað almenningi til sýnis. Við það tækifæri lét Martin Dury framkvæmdastjóri National Trust hafa eftirfarandi eftir sér er húsið var opnað: " Hér eru rætur tónlistarinnar er snart milljónir manna " - Orð Martin eru sönn hvað söngva (lennon og mccarteny) áhrærir. Þetta er það sem gerðist að söngurinn, söngvarnir, heilla marga í dag. Foreldrahús McCartney og fjölskyldu hans stendur skammt frá götunni "Penny Lane" sem frægur söngur með Bítlanum heitir eftir og allir sem til þekkja víta skil á og sumir kunna. Skoðum stutta klausu úr Morgunblaðinu:

" Paul McCartney fagnaði fréttum um kaupin á æskuheimili hans og sagði að hún hefði án efa glatt móður hans, Mary McCartney, hefði hún verið á lífi. Ákvörðun ráðsins sé mikill heiður fyrir hann og fjölskyldu hans. "Stundum var rifist heiftarlega innandyra. Ég vona að lætin verði minni nú þegar þjóðminjaráðið ræður þar ríkjum," sagði bítillinn. - (Morgunblaðið 23 nóvember 1995)

Fleiri æskuheimili fyrrum Bítla hafa komist í fréttirnar því í apríl 2001 fór æskuheimili John Lennon í sölu og var það ósk seljanda, afkomandi íbúans sem látist hafði um mánuði áður og

hafði þá búið í húsinu í 30 ár á undan, að áhugi hans og vilji væri að einhver sem áhuga hefði á Bítlanum keypti húsið. Líklegt er að seljandi sé hér að tala um að viðkomandi gerði húsið að safni og sé svona draumur sem standi honum næst. Vel skiljanlegt sjónarmið því fleiri en höfundur gera sér grein fyrir hve mikilvægt sé að varðveita söguna og gera með ápreifanlegum hætti og veglegum og fólki vel aðgengilega.

Um ári á undan, 8 desember 2000, var afhjúpaður minningarskjöldur á æskuheimili Lennon í Liverpool sem hann kom í eftir að foreldrar hans skildu og Mimi frænka hans tók hann að sér og ól upp og hann bjó hjá til tuttugu og þriggja ára aldurs.



Mynd til vinstri.

Stanely Parkes, frændi Johns Lennons, og Julia Baird hálf systir hans, afhjúpa skjöld á æskuheimili Lennons að viðstöddum ættingjum Lennons. Hús þetta stendur við Menlove Street 251 í Woolton og fór athöfnin fram 8 desember 2000 og um ári áður en húsið var selt.

Ekki kom fram í fréttinni að þetta fyrrum heimili Johns hafi þar með verið gert að safni og bara talað um að skjöldur hafi verið settur þar upp og líklega utandyra, og er auðvitað ákveðin vísbending um að húsið alltént verði varðveitt. Menn sem stóðu að þessu ágæta verki hljóta fyrst að hafa kynnt sér stöðu málsins með húsið sjálft áður en ráðist var í verkið og aflað sér tilskilinna leyfa til framkvæmdarinnar. Þekkir reyndar ekki gildandi reglur um það atriði í Englandi en veit að leyfi bæjaryfirvalda þarf fyrir svona löguðu á Íslandi.

Höfundur heyrði utan af sér að ekkja Lennons, Yoko Yono, ætti þetta hús í dag og hygðist stofnsetja þar safn til minningar um mann sinn, hvort sem af slíku hafi orðið og eða verði og það sem hann heyrði rétt eftir haft. Og biðst hann þá afsökunar. Ástæða er til að gera húsið að safnhúsi. Er John Lennon eitt stærsta nafn í tónlistarsögu heimsins og ekkert minna heldur en það. Á þetta skal horft. Gaman væri að heyra meira um þetta sérstaka mál og fá af fréttir.



Admilar- Grov númer 10 í Liverpool. Í þessari húsalengju bjó trymbill Bítlanna Ringo Starr í tuttugu ár. Hvar í þessari lengju talan tíu sé er ekki gott að segja né heldur hvort íbúðin sem kappinn bjó í sé í dag varðveitt. Annað hús sem Ringo bjó í krakki var rífið og ekki til lengur. Kannski að lengjan öll sé merkt tölunni tíu og íbúðirnar auðkenndar með bókstaf að auki 10a 10b, eins og stundum er gert. Smá þæling.



Um að minnsta kosti eitt af æskuheimilum Ringo Starr er það að segja að borgaryfirvöld Liverpoolborgar ákváðu að jafna húsið við jörðu og tóku um þetta ákvörðun 8 september 2005 og á þeim

forsendum að byggingin hefði ekkert sögulegt gildi fyrir Liverpoolborg. Húsið stóð við Madryn- stræti í Bítlaborginni. Í þessu húsi bjó Ringo einungis þrjá mánuði og flutti þaðan að Admiral-Grove númer 10 (sjá mynd) þar sem hann bjó næstu tuttugu árin. Er hitt húsið var rífið var sagt að Ringo Starr sjálfur hafi ekki verið neitt sérlega hrifin af ákvörðun borgaryfirvalda og ekki skilja í svona löguðu.

Ljósmynd hér að ofan er af sama húsi og sést hér ofar en tekin frá öðru sjónarhorni. Falleg framhlið blasir við. Ein af þessum útidyrhurðum sem sjást var inn í íbúðina sem Ringo Starr bjó í ásamt foreldrum sínum en hver af þeim er ekki gott að segja.

Sannleikurinn um trymbill The Beatles er að hann telst partur af öllu því sem hljómsveitin gerði starfstíma sinn og nokkuð öruggt að fólk víða um heim hefði haft hreina gleði af að skoða eitt af æskuheimilum hans rétt eins og æskuheimili hinna Bítlanna kæmu það til Liverpool. Minningar fólks eru öflugar. Og í sumt má vel halda og hlúa að.

Mynd til hægri

1960 "Rory And The Hurrecian" var frá Liverpool og lék trymbill Bítlanna með þeim um tíma og þandi húðir. Þaðan gekk hann svo yfir í herbúðir Bítlanna og varð frá sama andartaki einn liðsmanna The Beatles og eitt nafnanna sem bandið skildi hafa og ekki um neitt annað rætt af hálfu aðdáenda hljómsveitarinnar eftir að ágætt Bítlaæði hafði yfirtekið unga fólkið og gripið sínum tókum.

Ringo Starr spilaði með Rory.... 1962 og kom til liðs við Bítlanna sama ár 1962. Höfundur telur tíma trymbilsins knáa vera stuttan "Hurrecian" megin línu.

Rory Storm fæddist 7 janúar 1938 og dó 28 september 1972.



Myndin til vinstri er af æskuheimili sólagítarleikara The Beatles George Harrison. Húsið er varðveitt og er það í Liverpool og svipar til hinna sem myndir eru af. Talið er að Harrison hafi verið fimm ára að aldri er hann flutti inn í húsið. Hann gekk til liðs við hljómsveit sem Lennon stofnaði í Liverpool árið 1956 og við vitum að er The Quarrymen sem sumir segja um að hafi síðar orðið að The Beatles.


Hvort íbúðin sem George bjó í sé í dag safn eða venjuleg íbúð skal ósagt látið en ljóst að verður

áfram til og sá möguleiki alltént til staðar, hvað sem síðar kanna að gerast í því sérstaka máli.

Til gamans má geta þess að sonur Harrison, Dhani Harrison, að er hann gifti sig fór athöfnin fram fyrir framan æskuheimili föður hans og einnig að í veislunni voru bæði Sir Paul McCartney og Ringo Starr. Kona Dhani er íslensk fyrirsæta og sálfræðingur að mennt.

Meira um sjálfa hljómsveitina.

Hljómsveitin The Beatles var um margt sérstök í augum áhangenda sinna og má segja að þeir hafi fljótlega eftir að hafa meðtekið hana líka eignað sér þessa ágætu liðsmenn og viljað eiga í þeim hvert bein og alla með húð og hári. Svona afstaða hlýtur að hafa verið því á vissan hátt íþyngjandi og búið viss höft sem vel gat hafa heft sköpunarkraftinn sem öllum listamönnum er svo mikilvægur um sína list og reyndar nauðsýnleg til að gera það sem menn gera best í faginu og fá vaxið á þessum vettvangi. Allir listamenn vilja ná meiri árangri í sinni list en þurfa til þess réttar aðstæður. Það er ljóst. List krefst ákveðins rýmis en meira þó frelsis. Í helgri bók segir að menn skuli ekki múlbinda uxann er hann plægir, og talar þá auðvitað um að uxinn þurfi að fá sitt eðlilega svigrúm og gildir um margt lífinu tengt.



Má samt vera að þetta sem hér er sagt hafi ekki þrúgað þá svo mjög því alltént eru tónsmíðarnar listilega unnar og gerðar eins og tíminn rækilega hefur sannað að sé og með því betra sem gert hefur verið á vettvangi tónlistar. Hvað um það mál að frá þeim tíma sem allt var komið af stað og farið að virka var í raun útilokað fyrir þessa hljómsveit að gera nokkrar mannbreytingar hjá sér stæði vilji meðlima sveitarinnar í þá átt og líka alltaf getur gerst og við reyndar þekkjum frá upphafs dögum bandsins er skipt var um trommara oftar en einu sinni og vinur John Lennon, Stuart Sutcliffe (sjá mynd til vinstri), látin víkja eða hætti af sjálfdáðum án þess að nokkur amaðist neitt við þeirri ákvörðun mannsins og eða hinna en væri óvinnandi framkvæmd eftir að allt var farið af stað og skarinn búin að eignast sér allt heila klabbid og strákanna fjóra með. Afskaplega merkilegt hvernig var.

Að þeir eftir frægð hafi rætt mannaskipti innan hópsins má efa en breytir ekki því að hefur margoft gerst í röðum tónlistarmanna án þess að mannbreytingin sem slík hafi haft svo mikið að segja um gæðin sem viðkomandi hljómsveit er þekkt fyrir og hún áfram gert frábærar plötur. Alltaf kemur maður í manns stað sé eftir leitað.

Að þurfa að víkja mönnum frá er ekki skemmtilegt en stundum hið eina sem hægt sé að gera bara til að getað haldið áfram að stíga skrefin. Yfirleitt hafa svona mál engan sérstakan eftirmála nema kannski þessi venjulegu særindi og svekkelsi og aðrar mannlega breytni sem grípur um sig og er oftast nær tímabundið ástand sem jafnar sig. Ekkert af þessu gildi í tilviki fjórmenninganna frá Liverpool sem á sinn hátt var vægðarlaust stillt upp við vegg af sínum Bítlaóðu aðdáendum sem samþykktu engin mannaskipti í tiltekinni hljómsveit. Bítlarnir voru í augum sinna manna og kvenna fjórir og búið að gefa þeim öllum nafn John, Paul, George og Ringo - og málið dautt. Bara þetta sérstaka atriði gerir söguna í vitund höfundar merkilegri en ella og alveg sér á báti. Sjálfur minnst hann ekki þess að hafa heyrt um áþekka stöðu hvort sem er í hljómsveitarbransanum eða á öðrum vettvangi mannlegs lífs. Mannbreytingar geta vel verið eðlilegar og starfinu sjálfu til framfara. Að mannbreytingar eigi sér stað liggja ýmsar ástæður til grundvallar. Eins og þreyta sem kemur upp og að breytingar verði á högum manna. Allskonar getur skeð og allt ofur eðlilegt. En ekki hjá The Beatles. Tvennt var í stöðunni hjá mannagreyjum þessum. Að halda starfi The Beatles áfram, skír vilji aðdáenda,

engin spurning, eða leggja hljómsveitna niður og hætta þessu, sem og varð lendingin í fyllingu tímans líkt og menn vita og ekki fór framhjá nokkurri manneskju. Um annað en þetta var ekki að ræða er upp var staðið úr því að þreyta var kominn í þetta fyrrum prýðilega samstarf fjórmeninganna. Strangt til tekið að þá var þetta svona.

Og hitt, blaköld staðreynd, að verði menn þreyttir hvorir á öðrum aukast líkur verulega á að sköpunargleðin dofni og eða fjari út? Sundurlyndi hverskonar er hverjum listamanni erfið og afleit staða sem mannbreytingar gætu mögulega læknað. Svona bara er þetta í lífinu. En hvað er til ráða ef og þegar fólk tekur slíku ástfóstri við tilteknar manneskjur líkt og var í tilfelli Bítlanna og menn á vissan hátt sjálfir byrjaðir að skaðast af? Harla fátt að séð verður.

Margt af því sem tengja má við Bítlanna er sérstak og einstakt, svo það sé eina ferðina enn sé ítrekað hér.

Höfundur er minnisstæð orð frá ekki ófrægari manni en Eric Clapton, hins snjalla gítarleikara og laghöfundu, sem sagði einhverju sinni að George Harrison hefði komið að máli við sig og beðið sig um að spila með sér í lagi sem hann vann þá að en Clapton vildi víkja sér undan og studdi mál sitt þeim orðum "Að maður spilar ekki með Bítlunum"- og átti við staðinn sem bandið hafði í augum fólks. Að vísu spilaði hann að minnsta kosti í einu laga Harrison og hægt að heyra á einni Bítlaplötunni og segir okkur að hinn hafi náð að tala hann til. En svona ku viðbrögð Claptons hafa verið til að byrja með og sýnir vel stöðuna og virðinguna sem The Beatles var með og líka í augum annarra tónlistarmanna sem sjálfir voru vel virtir og með stóran hóp aðdáenda kringum sig og seljandi kynstrin öll af hljómplötum. En sjáum við þessa merkilegu sérstöðu The Beatles í veröld tónanna. "Bítlarnir eru ósnertanlegir"- var einhverju sinni sagt.

Komið hefur fram að meðlimir The Beatles byggju ekki við sama kost og aðrar hljómsveitir þess tíma. Samt er líklegt að meðlimir bandsins hafa verið sér vel meðvitaðir um þetta ákveðna atriði og sannfærst æ betur um er frægðin jókst. Frægð á sinn hátt er merkilegt fyrirbæri hafandi á sér bæði dökkar hliðar, vissar hömlur og upphafningu til skýjanna.

The Beatles hlotnaðist margskonar heiður á ferlinum og er frægðin var komin yfir og með henni virðingin og þeir tímar að baki er menn hlógu að þeim og fannst lítið til þeirra koma.

Myndin til hægri er af fjórmeningunum eftir að þeim hafði verið veitt orða úr hendi Bretadrottningar fyrir störf sín í þágu Bretlands og tónlistar.

George sagði síðar um þennan atburð að eftir allt fjörið og flugeldasýningarnar sem The Beatles höfðu

stuðlað að fyrir þjóðina væri það eina sem hún færðu þeim á móti leðurorða með viðargirni.





Myndin til vinstri er tekin af Lennon er hann skilaði orðu Bretadrottningar. Atvikið átti sér stað í nóvember 1969. Orðan var veitt meðlimum The Beatles árið 1965 "Fyrir að styrkja ríkið"- eins og Lennon sagði. Með atferli sínu vildi hann mótmæla framferði Breta sem studdu styrjöld Nígeríumann sem þá var í gangi með Breskum vopnum. Bítlarnir með framleiðslu sinni og gríðarlegri hljómplötusölu sinni vissulega styrktu Breska ríkið gegnum skattgreiðslur. Og var ekki vanþörf á að gerðist, að sagt var.

George Harrison sagði um þetta tiltekna atriði sem hér hefur nokkuð verið lagt upp úr með og spurði hve marga Bítla þyrfti til að skipta um eina ljósaperu og svaraði sjálfur "Fjóra". Við sjáum að þeir hafi verið sér vel meðvitaðir um margt sem að hljómsveitinni snéri og eigin stöðu gagnvart öllu þessu fólki og vilja þess í ýmsum málum tengdum hljómsveitinni. George talar vistaskuld beint inn í þessar skringilegu aðstæður sem þeir sem manneskjur eru í að sjá má og betur skilja er þeir síðar töludu um að Bítlatíminn hafi verið mörgum þeirra á sinn hátt íþyngjandi en þó á sama tíma stórkostlegur og allt saman það sem fáum hlotnist í lífinu.

Einnig má geta þess í samantekt þessari og á ágætlega við að Sir Paul McCartney sagði í samtali einu við blaðamann tímarits löngu eftir að The Beatles hætti starfsemi að hann gat þess þar að langa til að útsetja sum laga sinn upp á nýtt, eða eitthvað í þeim dúr. Spurði blaðamaður hann þá hvort áhangendum Bítlanna myndi ekki mislíka slíkt. Paul benti manningnum á að hann væri eigandi og höfundur þessara söngva og hefðu fulla heimild til að gera við þá hvað sem hann sjálfur vildi og fyndist ósanngjarnt ef hægt væri að banna sér að hrófla neitt við eigin lögum. En það er raunin. Engin hróflar við Bítlalögnum. Þau hljóma eins og þau hafa alltaf gert. Fólkið tekur ekki neitt annað í mál. Aftur sjáum við hvernig meðlimum The Beatles er stillt upp við vegg og reistar skorður. Við munum eftir söngnum "Whit A Little Help From My Friend"- í útsetningu og flutningi Joe Cocker sem lifir sjálfstæðu lífi í tónlistarheiminum og hefur gert frá fyrstu tíð.

Á öllum þessum grúa ljósmynda sem til er af The Beatles sýna þær flestar þessa fjóra menn saman. Myndbandið sem Sir Paul McCartney lét taka við lag sitt "Full On The Hill" sem út kom 1967 var máski gert til að brjóta þessa hefð upp sem gildi um Bítlanna. Á myndbandinu sést Sir Paul einsamall og hinir hvergi sjáanlegir. Flott myndband. Eftir að hafa skoðað þetta þessum augum má betur skilja að þeim sjálfum hafi fundist allt þetta Bítladæmi hefta sig. Merkilegt allt saman. Annað verður ekki sagt.



Gert til gamans og vonandi líka svoltíls fróðleiks.
Kveðja: KRF.